



79. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 25. mars, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

1. Grímur Gíslason og Hjörtur Einarsson mæta til viðræðna vegna uppbyggingu húsdýragarðs.
2. Boð á aðalfund Laxár á Ásum.
3. Boð á aðalfund KH hf.
4. Bréf til hluthafa Ámundakinnar ehf.
5. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlandi vestra.
6. Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.
7. Umsókn um endurnýjun á vínveitingaleyfi.
8. Erindi frá barna- og unglínganefnd hestamannafélagsins Neista.
9. Yfirlit yfir greiðslur sveitarfélaga til Héraðsnefndar A-Hún. árið 2004.
10. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Grímur Gíslason og Hjörtur Einarsson mæta til viðræðna vegna uppbyggingu húsdýragarðs.
Þegar hefur verið fjallað um erindi Gríms og Hjartar í skipulags- og byggingarnefnd varðandi afnot af landi fyrir húsdýragarð sem fellur að aðalskipulagi sveitarfélagsins. Telja þeir hins vegar ekki endanlega niðurstöðu liggja fyrir um hvaða landssvæði myndi henta starfsemi staðfestingu frá bæjarstjórn um að sveitarfélagið leggi til land undir starfsemi húsdýragarðs, enda samræmist það aðalskipulagi bæjarins. Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar í bæjarstjórn.
2. Boð á aðalfund Laxár á Ásum.
Aðalfundurinn verður haldinn föstudaginn, 26. mars nk. Ákveðið að Valdimar Guðmannsson og Auðunn Steinn Sigurðsson sækji fundinn fyrir hönd Blönduóssbæjar.
3. Boð á aðalfund KH hf.
Fundurinn var haldinn í dag kl. 16. Auðunn Steinn Sigurðsson, Valdimar Guðmannsson og Valgarður Hilmarsson sóttu fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.
4. Bréf til hluthafa Ámundakinnar ehf.
Jóhannes Torfason ritar bréfið fyrir hönd Ámundakinnar ehf. en í því er farið yfir starfsemi félagsins frá stofnun. Fram kemur að stjórn hafi skipt með sér verkum þann 18. desember sl. og er Valgarður Hilmarsson formaður, Jóhann Guðmundsson ritari og Jóhannes Torfason framkvæmdastjóri. Niðurstæða vinnu undanfarinna vikna er að norðurendi Efstubrautar 2 hefur verið keyptur og er áætlað að byggja við tæpa 600 m². Unnið er að hinum ýmsu samningum er viðkoma öllum verkþáttum.



5. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlandi vestra.

Fyrir liggja drög að samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra. Vísað til frekari umræðu í bæjarstjórn.

6. Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Fundargerðin frá 15. mars 2004 er lögð fram til kynningar.

7. Umsókn um endurnýjun á vínveitingaleyfi.

Lax-á ehf sækir um endurnýjun á vínveitingaleyfi vegna Hótel Blöndu fyrir tímabilið 1. júní til 31. ágúst 2004. Bæjarráð samþykkir erindið.

8. Erindi frá barna- og unglínganefnd hestamannafélagsins Neista.

Í erindinu er barna- og unglíngastarf hestamannafélagsins kynnt. Ljóst er að mikil gróska á sér stað í starfinu og fagnar bæjarráð því göfuga starfi sem þar fer fram. Varðandi beiðni um styrk vísar bæjarráð til samstarfssamnings hagsmunafélags hestamanna og Blönduóssbæjar.

9. Yfirlit yfir greiðslur sveitarfélaga til Héraðsnefndar A-Hún. árið 2004.

Heildargreiðsla til Héraðsnefndar á árinu 2004 er kr. 54.083.000 og nemur hlutur Blönduóssbæjar kr. 22.771.163. Yfirlitið er lagt fram til kynningar.

10. Önnur mál.

a. Beiðni um skólavist í Grunnskólanum á Blönduósi fyrir nemanda utan lögheimilissveitarfélags. *Bókað í trúnaðarbók.*

b. Uppsögn sviðsstjóra. *Bæjarstjóri lagði fram uppsagnarbréf Matthíasar Imsland, sviðsstjóra. Óskar hann eftir því að verða leystur frá störfum í lok maí.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15.

Auðunn Steinn Sigurðsson (sign.)

Hjördís Blöndal (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)